



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

(+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Mosfellsbær  
Finnur Birgisson,  
skipulagsfulltrúi  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 15. nóvember 2006  
Tilvísun: UST20060800040/óaj

### Deiliskipulag tengibrautar milli Skeiðholts og Leirvogstungu í Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 10. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar varðandi ofangreint deiliskipulag.

Samkvæmt deiliskipulaginu er um að ræða lagningu tengibrautar frá Skeiðholti að nýbyggingarsvæði í landi Leirvogstungu. Skipulagssvæðið er 12,3 ha að stærð. Hluti þess er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi. Um er að ræða tveggja akreina braut og göngustíg austan hennar. Hverfisvernd er aflétt á 40 m breiðu svæði með tengibrautinni. Gert er ráð fyrir göngu- og reiðstígum um svæðið sem tengjast núverandi hesthúsabyggð. Auk einna undirganga er gert ráð fyrir brúm yfir Varmá og Köldukvísl.

Svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá, nr. 139, Varmá í Mosfellsbæ og er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

*Varmá, Mosfellsbæ. (1) Varmá frá upptökum til ósa. (2) Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið ví sindalegt gildi.*

Umhverfisstofnun bendir á að jafnframt því að hafa mikið ví sindalegt gildi hefur Varmá og nágrenni hennar mikið gildi fyrir útvist á svæðinu, enda eru gönguleiðir víða í nágrenni við bakka hennar. Telur stofnunin varasamt, út frá öryggissjónarmiðum, að skipuleggja reiðstíga samhlíða göngustígum. Hestar geta fælst við hávaða eða snöggar hreyfingar og getur nokkur hætta skapast ef hross fælast. Telur stofnunin eðlilegra að færa umferð hesta frá skipulögðum göngustígum.

Umhverfisstofnun bendir á að á uppdrætti sem fylgir með deiliskipulagi er svæðið vestan við fyrirhugaða settjörn merkt sem friðlýst svæði, en umrætt svæði hefur ekki verið friðlýst. Ætti því að leiðréttu uppdráttinn því til samræmis.

Tengibrautin er framkvæmd sem fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og hefur verið tilkynnt inn til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Ekki liggur enn fyrir ákvörðun um það hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Umhverfisstofnun veitti umsögn um hugsanlega matsskyldu fyrirhugaðrar tengibrautar og var það niðurstaða stofnunarinnar að tengibrautin ætti að vera matsskyld, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 21. ágúst sl., og frekari umsögn stofnunarinnar dags. 13. september sl.

U S T

Umhverfisstofnun telur ekki rétt að umrætt deiliskipulag tengibrautar milli Skeiðholts og Leirvogstungu verði samþykkt fyrir en fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar, en slík ákvörðun getur að endingu haft bindandi áhrif á viðamikla þætti í deiliskipulaginu.


Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson

Sérfræðingur



Helgi Jónsson

Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun